




Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

3. tbl. sept. 1975



Án þess að líffræðin sé færð út til stjarnanna, getur ekki það samband tekist, sem ekki verður án verið, ef vel á að fara.

Helgi Pjeturss.

Aður óþekkt mánalandslag

(SJÁ FORSÍÐUMYND)

I.

Um allar aldir hefur bakhlið tunglsins verið okkur jarðarbúum sem lokuð bók. Enginn gat skyggst á bak við þann sjóndeildarhring, sem við okkur blasti frá jörðinni. Þarna hefur nú orðið algjör breyting á. Á síðari árum hefur mönnum tekist að senda geimför, mönnuð og ómönnuð, á braut um tunglið, og þannig hefur okkur borist margvísleg vitneskja um bakhlið þess. Komið hefur í ljós, að lítið sem ekkert er um stórar sléttur eða „höf“ á bakhlið tunglsins, eins og er svo einkennandi fyrir þá hliðina, sem að jörðu snýr. Og einkennandi fyrir bakhliðina er, að hún er víða enn þéttsettari gígum en jarðhliðin og það jafnvel svo að víða ganga stórir gígar hver inn í annan.

II.

Svo mjög sem geimferðir hafa opnað möguleika á könnun tunglsins og annarra reikistjarna í sólhverfi okkar, svo miklu meiri möguleikar munu þó opnast til könnunar annarra sólhverfa og annarra mannkynja víða í alheimi, ef menn færu almennt að kynna sér uppgötvanir og kenningar dr. Helga Pjeturss og að notfæra sér þær til að kynnast lífinu annars staðar í alheimi. En frá lífstefnumannkynjum annarra hnatta er einmitt að vænta þeirrar hjálpar, sem mannkyn okkar hefur svo mikla þörf fyrir.

Ingvar Agnarsson.

Myndin er tekin frá Lunar Orbiter 5, þann 6. ágúst 1967, í 2500 km hæð og sýnir stóran hluta af bakhlið tunglsins.

Nokkur orð um samverund¹⁾ og þróun

„Lífið er tilraun til að ráða við og samstillta krafta hinnar líflausu náttúru, og þegar sú tilraun tekst til fulls, verður *alheimurinn* orðinn að guði, veru sem kemur fram í óendanlega mörgum myndum og í hverri mynd óendanlega fullkominn. Tilgangurinn með heimssmíðinni er, að fram geti komið guð, sem er óendanlega margur og þó ein heild.“ Þannig lítur hinn íslenski náttúrufræðingur, dr. Helgi Pjeturss á þróunina — heldur á lofti tilgangshyggju, en hafnar orsakahyggju. Að minnast á tilgangshyggju innan vísindanna eða í nafni þeirra þykir auðvitað nú hin mesta synd. Þó er nánast broslegt að sjá ákafa fánabera orsakahyggjunnar skrifa í hinar lærðu bækur sínar, að lífverur séu útbúnar tilteknum eiginleikum og útbúnaði *til þess að* þær geti framkvæmt viðkomandi verknað eða lífsstörf. Virðist stundum, sem menn þessir hljóti að vera rammir tilgangshyggjumenn, og er ekki óhugsandi, að einhver innri vitund um tilgangshyggju blundi í sérhverjum manni. Orðið orsakahyggja, eins og það er notað hér í anda vísindaheimspekinnar, er villandi, þar eð þótt tilgangur sé með tiltekinni aðgerð, þarf að hrinda af stað orsakakeðju til að framkvæma hana².

1) Samverund („samlifun“): sterk samkennd og tengsl (bæði sem bein sambönd milli einstaklinga (sbr. hugsamband) og sem nán atferlisleg tengsl) einstaklinga innan stofns. Í samverund er einnig innifalín: samvitund; sameiginleg *meðvitund* einstaklinga innan viðkomandi stofns.

2) Er raunar ekki úr vegi, að ég geri hér tilraun til að skýrgreina þessi hugtök til að fyrirbyggja misskilning. Verð ég þá, sökum þess skilnings, sem ég legg í þessi hugtök, að skýrgreina um leið hugtakið tilviljun, en merking þess orðs, eins og það venjulegast er notað, er ákaflega ruglingsleg. Öll breyting í verund hluta — þ. e., stöðu þeirra og ástands innan rúmsins er hlekkur/hlekkir í órofa orsakakeðju — afleiðing á sér orsök og verður sjálf orsök. Tilviljun er oft stillt upp sem andstæðu tilgangs, sem teljast verður rangt.

Í tilvitnunni hér að ofan kemur fram, að Helgi hugsar sér eitt-hvert næsta þróunarskref mannsins með þeim hætti, að allir menn myndi saman eina heildarlífveru firnamáttuga, en gerir jafnframt ráð fyrir áframhaldandi sjálfstæði einstaklinga — og jafnvel miklu meira en nú þekktist. Nú vill svo til, að fyrr á þróunarbraut lífs hér á jörðu átti sér hliðstæður atburður stað — er einfrumungar hófu samyrkjubúskap og margfölduðu þannig mátt sinn og möguleika, svo sem sést á núlífandi afkomendum þeirra — t. d. hryggdýrunum. Og að um sé að ræða samverund í náttúrunni er ekki erfitt að sannfærast um, sé atferli lífvera athugað lauslega.

Lífverur jarðar mætti t. d. flokka þannig:

1. Veirur.
2. Vankjörnungar (þ. e., frumurnar hafa ekki afmarkaðan kjarna, heldur eru litningarnir (erfðaeftnið) o. fl. laust í umfryminu).
3. a) kjörnungaörverur, b) jurtir, c) dýr, d) menn.

Það er ekki út í loftið, að menn eru hér flokkaðir sér, og kemur að því síðar.

Erfitt er að nefna neitt það í fari veira, er minnt gæti á samverund, enda eru menn í miklum vafa um, hvort telja skuli veirur til lífandi fyrirbæra eða ekki. Er fjölgun einasta starfsemi þeirra, og má hún þó ekki verða án hjálpar annarra lífvera (veirur samstanda einungis af próteinhjúp og kjarnasýru, sem inniheldur erfðaupplýsingar. Innan veiranna sjálfra fer *engin* starfsemi fram. Þeim fjölgar með þeim hætti, að komist þær inn í vissa tegund frumu, fer fruman að framleiða veiruagnir skv. „forskrift“ erfðaeftnis veirunnar). Þó er það eitt atriði, sem e. t. v. gæti bent til eins konar sambands á milli veira, þótt á litlu einu sé að byggja. Vitað er, að sumar veirur geta ekki viðhaft fjölgun jafnvel með hjálp við-

Tilviljun og tilgangur eru náskyld fyrirbæri:


Tilviljun: orsakakeðja, sem sá er nefnir hana tilviljun, getur ekki rakið

Tilgangur: orsakakeðja, er vitvera hefur vísvitandi hleypt af stað eða breytt til þess að ná fram einhverri lokaafleiðingu

Orsakakeðja: röð atburða, þar sem hver einstakur atburður eða fyrirbæri er tengdur öðrum í atburðaröðinni — fyrst sem afleiðing, síðan sem orsök.

Sést nú, að því skýrari, sem merking þessara hugtaka verður, því loðnari og óskýrari verður þessi „vísindalega“ skipting sjónarmiða í orsakahyggju og tilgangshyggju.

komandi hýsils, nema þar að auki komi til hjálp frá sérstökum veirum öðrum. Og hversu miklar líkur eru svo á því, að þessi bjargarlausá veira „hitti“ hjálparveiruna — eða öllu heldur erfðafni þeirra mætist í einhverri tiltekinni frumu? Og þótt erfðafni beggja veiranna séu fyrir hendi í hýsilfrumunni, er vandinn varla leystur, því fruman er heill heimur út af fyrir sig með frymisneti sínu og öðrum líffærum. Er þá svo fráleitt að hugsa sér, að einhvers konar samband verði að vera á milli erfðafna hinna tilteknu veira til þess, að hinn örlagaríki fundur þeirra geti átt sér stað?




Mynd 1. Samruni myxogerla. a. einstakir gerlar, er b. renna saman í „fruiting body“ c., þegar ákveðnum þroska er náð.

Innan raða vankjörnunga mætti nefna sem dæmi um samverund hátterni myxogerla. Lifa verur þessar, sem eru einfrumungar, í vatni og jarðvegi. Er það eðli þeirra, að þegar þeir hafa komist til ákveðins þroska, þá hnappast þeir saman og mynda eins konar „falskan svepp“ (fruiting body), og hefur þar sérhver fruma sínu ákveðna hlutverki að gegna. Mynda sumar stilkinn og aðrar krónuna, og eru þær æxlunarfrumurnar. Ekki hefur náttúrufræðingum tekist að finna skýringu á fyrirbæri þessu, og er hætt við, að til þess svo megi verða, muni nauðsynlegt að leita svarsins út frá öðrum forsendum en nú eru á takteinum.


Þá er komið að kjörnungaörverunum, og mætti þar til nefna slímsveppi (myxophyta), en aðaleinkenni þeirra er mjög sérstakur æviferill, er felst í myndun flókinnar og mjög skipulegrar byggingar með samvinnu mikils fjölda einstakra fruma. Inní í sérstökum æxlihnúðum, er myndast á ákveðnu skeiði æviferilsins, myndast grófrumur. Er gróin losna frá æxlihnúðunum, myndast af þeim frumur — myxamöbur. Frumur þessar eru að öllu leyti mjög

líkar slímdýrinu amöbu — skiptast einfaldri skiptingu og þekja brátt óslitinn hluta viðkomandi yfirborðs. Eftir ákveðinn tíma taka nokkrar frumanna að renna saman og brátt þyrpast frumurnar að ákveðnum punkti til samruna og taka síðan til við að framleiða æxlihnappa, þar sem hver fruma hefur ákveðnu hlutverki að gegna. Er þetta þrýðisdæmi um samverund.




Mynd 2. Dæmi um slímsvepp, (*hemitrichia vesporum*).

Ýmislegt í fari jurta sýnir ríka tilhneigingu til vissrar samverundar — eigi aðeins meðal skyldra plantna, heldur virðist svo, sem (a. m. k. sumar) jurtir séu í nánu sambandi við aðrar lífverur yfirleitt. Mönnum hættir stundum til að vanmeta plöntur sem lífform, en það er alveg víst, að plöntur hafa mjög næma skynjun gagnvart umhverfi sínu — jafnvel hinu lífvana umhverfi, og er ekki úr vegi að nefna eitt dæmi því til stuðnings áður en rætt verður samband plantna við önnur lífsform. Gerð hefur verið merkileg tilraun með vafningsjurtir, er fólst í því, að vafningsjurt var gróðursett á bersvæði og stöng síðan rekin niður í jarðveginn í nokkurri fjarlægð frá plöntunni. Og viti menn. Plantan tekur að vaxa í átt til stangarinnar. Hér gat þó verið um tilviljun að ræða, en þá framkvæmdu tilraunamenn aðra aðgerð, er tvímælalaust tók af skarið. Færðu þeir stöngina, er plantan hafði vaxið drjúgan spöl í átt til hennar — þannig, að afstaða plöntunnar til stangarinnar var nú önnur en í fyrra skiptið. Breytti plantan þá um stefnu og hélt áfram að vaxa í átt til stangarinnar. (Veit ég ekki, hvort stöngin var gerð úr lífrænu efni eða ólífrænu, né þá úr hvaða efni, en slíkt kynni e. t. v. að hafa nokkra þýðingu).



Mynd 3. a. Vafningsjurt b. gróðursett á bersvæði vex c. í átt að stöng a.



Mynd 3. b. Staðsetningu stangar breytt a. og jurtin b. breytir stefnu c.

Þá er að skýra frá þeim hlutum, er helst styðja hugmyndina um samband plantna við önnur lífsform. Bandarískur rannsóknarmaður að nafni Cleve Backster hefur framkvæmt nýstárlegar tilraunir á plöntum með hjálp fleirrita (en það er tæki, sem skrásetur viðbrögð og breytingar á líkamlegu (og andlegu) ástandi manna). Festi hann electróður fleirritans á laufblað plöntu og athugaði, hvort hún gæfi svörun við hinum ýmsu áhrifum og atburðum í umhverfi sínu. C.B. skýrir svo frá, að hann hafi ekki þurft annars með en að hugsa sér að kvelja plöntuna — hafi hún þá sýnt greinileg viðbrögð. Kæmi hann plöntu í mjög mikið uppnám, sýndi fleirritinn sams konar ritun og kemur fram hjá fólki í öngviti. Einnig hugkvæmdist honum að stinga lifandi rækjum í sjóðandi vatn og drepa þær þaning í nálægð plöntunnar, og tók þá penni fleirritans greinilegt viðbragð. Fjöldinn allur af annars konar tilraunum hefur verið gerður á plöntum með hjálp fleirrita og ber allt að sama brunni.

Flestir hafa trúlega einhvern tíma heyrt fólk tala við plöntur. Virðist fólk þetta trúa því stutt og stöðugt, að slíkt hafi áhrif á plönturnar. Samkvæmt fyrrgreindum tilraunum C. Backsters kann að vera, að nokkuð sé hæft í þessu. Væri þá jafnvel hugsanlegt, að plöntur verkuðu sem einskonar geðvogir! Allir hafa rekið sig á það, að pottaplöntur þrífast misvel hjá fólki. Er mögulegt, að andlegt ástand manna, siðferði (móral) hafi áhrif á vöxt og viðgang gróðurs yfirleitt? Grun hef ég um, að hér bíði merkilegt viðfangsefni úrlausnar.

Þá eru það dýrin. Um samverund þeirra á milli þarf varla að fjölyrða, þar eð hver sem augu hefur og eyru, hefur örugglega orðið þess var. Koma þar til atriði eins og samheldni hjarða — um leið og eitt dýrið hefur skynjað hættu, eru þau öll rokin af stað.

Eða samflug sumra fugla. Og þar eð farið er að minnast á fugla, er ekki úr vegi að minna á hinn stórkostlega hæfileika farfuglanna til að rata fram og aftur um jarðarhnöttinn, og er það eitt sér stórmerkilegt rannsóknarefni. Hefur þar ýmislegt merkilegt komið í ljós og tekist að útskýra viss atriði, en önnur virðast með öllu óútskýranleg innan þess ramma, sem vísindamenn setja sér nú. Dæmi: farfuglinn *Proge Subis*: kvenfuglinn var fjarlægður úr hreiðri sínu og fluttur 375 km í suðurátt — sleppt þar lausum kl. 10,40 að kvöldi. Næsta morgun (kl. 7,15) var fuglinn aftur kominn í hreiðrið. Þannig var gengið frá málum, að fuglinn gat alls ekki haft minnstu hugmynd um, hvar hann var staddur eftir flutningana. Þá nótt, sem fuglinn flaug til hreiðurs síns, var tvöfalt skýjalag og mjög dimmt, þannig að fuglinn gat hvorki haft mið af landslagi né stjörnum. Tilraun þessi var gerð í Michigan í Bandaríkjunum. Fuglinn hefur sem sagt flogið blindflug rakiðis til hreiðursins frá sér ókunnugum stað 375 km vegalengd með u. þ. b. 40 km hraða á klst! Erfitt er að sjá, hvernig fuglinum hefir verið það mögulegt að rata þannig til hreiðurs síns án utanaðkomandi aðstoðar. Kemur þá helst til greina, að fuglinn hafi notið leiðsagnar með þeim hætti, sem dr. Helgi Pjeturss minnst á, eða að fuglinn hafi skynjað til unga sinna í hreiðrinu og notið þannig óbeint leiðsagnar þeirra, en það var tekið fram, að ungar voru í hreiðrinu.

Þá er komið að síðasta flokknum — mannum. Hér fyrr var sagt, að ekki væri það út í loftið, að maðurinn er hér flokkaður sem alveg sérstök lífvera. Virðist sá munur, sem á honum er og öðrum lífverum svo mikill, að hann eigi lítið skylt við dýrin, nema lífeðlislega þætti. Maðurinn er eina núlífandi vera jarðarinnar, er brotist hefur út úr fæðuhring náttúrunnar — „tekið málin í sínar hendur“ og skapað sér og umhverfi sínu örlög. Það er öruggt, að stökkið frá dýri í mann er ekki eingöngu líkamlegs eðlis og þróunarfræðilegs á genagrundvelli. Hæfileikar til að vera maður eru ekki erfðir, heldur kenndir. Sönnun á þessu er það, þegar börn hafa alist upp á meðal villidýra. Þegar slík börn eða unglingar hafa fundist, hefur reynst ógerlegt að gera þau að mönnum. Þau hafa misst hæfileikann til að vera menn, þar eð þau hafa misst af hinum bráðnaðsynlega þroskaþætti manna — uppeldinu. En um leið og uppeldið gefur mönnum þetta vopn í hendur, takmarkar það að vissu leyti möguleika mannsins til sjálfstæðs þroska.

Það hefur ætíð reynst mjög erfitt að hugsa nýja hugsun. En erfið-
ara hefur það þó reynst að fá aðra til að samþykkja nýja hugsun,
svo sem ótal dæmi sanna. Má því segja, að þetta vopn okkar í
baráttunni fyrir auknu viti (þ. e. uppeldið og sú geysimikla áhersla,
sem menn leggja á það, a. m. k. miðað við dýrin) sé tvíeggjað —
og harla vandmeðfarið er það, svo sem mönnum er nú að verða
æ ljósara.

Þá er komið að samverund manna. Hvernig fóru forfeður nú-
tímamannsins að gera sig skiljanlega hver gagnvart öðrum, þegar
slíkt fór að verða þeim nauðsyn og áður en málið varð til? Einhver
hefur stungið upp á eins konar ták- eða fingramáli, en bent á
það um leið, að slíkir tjáningarhættir geti reynst erfiðir í fram-
kvæmd — einkum og sér í lagi í myrkri! Nei, varla er þetta lausn-
in. En þá samvitund svipað því, sem gerist í dýrahjörðum — þá
á „æðra sviði“ í formi hugsambands? Við erum svo stálheppin,
að enn finnast mannasamfélög, þar sem slík meðvituð sambönd eru
jafn eðlileg og sjón og heyrn — nefnilega á meðal a. m. k. sumra
frumbyggja Ástralíu. En hvers vegna í ósköpunum tók þá málið
við af hugsambandi sem sambandsmiðill manna — hugsamband
er vafalaust handhægari tjáningarmáti en mælt og ritað mál —?
Svo virðist, sem samverund manna sé á lægra stigi nú en áður var
— á hún sér helst stað á milli tveggja einstaklinga — gengur
slíkt samband undir nafninu ást. Við getum aðeins getið okkur til
um ástæðuna til þess hæfileikasviptis með því að athuga afleið-
ingar hans. Afleiðingarnar af þessari breytingu á tjáningarhætti eru
þær, að skapast hefur mál manna — þar sem hlutir og hugtök fá
ákveðna „lög“ á (táknrænan) hátt — við getum táknað hluti
og hugtök. Málið leiddi af sér ritmál, er gerir mönnum fært að
varðveita þekkingu gegn gleymsku. Hefðu menn ekki misst hæfi-
leikann til að tjá sig með hugsambandi, væri ekkert ritmál til og
óvíst að menn væru á því þróunarstigi, sem þeir eru þó nú á. En
þegar mannkyn hefur nú þjálfað og eflt hæfileika sína til náms og
minnis og þróað með sér nokkuð fullkomið ritmál, fer þá ekki
aftur að vera þörf fyrir aukna samverund? Ýmislegt bendir til
þess, að svo sé. Alþjóðahygga, „allir menn eru bræður“, samvinnu-
stefna, sósíalismi, kommúnismi — allt eru þetta tiltölulega nútí-
komin hugtök, sem allir kannast við. Það er eftirtektarvert, að sam-
verund forfeðranna er á fræðimáli oft kölluð frumkommúnismi.
Hann var óyfirvegaður, óvitrænn. Hinn nýi kommúnismi (sósíal-

ismi) er hins vegar yfirvegaður — vitrænn. Er þessi lægð, ef svo má segja, í samverund manna til þess ætluð að breyta óvitrænni samverund í vitræna? Ekki mun reynt hér að bollaleggja um þetta nánar, heldur aðeins bent á þennan möguleika.

Í þessu greinarkorni hafa verið tilfærð örfá dæmi til að benda á samverund í lífheimi jarðarinnar, sem er aðeins lítil grein á meiði hins mikla lífsambands alheimsins.

Ólafur Halldórsson.

Nokkrar helstu heimildir:

Helgi Pjeturss: Nýall.

Ostrander. S. & Schroeder. L.: Psychic discoveries behind the iron curtain.

Segal, M. I.: How man became gigant.

Sistrom: Microbial life.

Tribe, I.: The plant kingdom.

Weisz, P. B.: Líffræði I.

Welty, C. J.: The life of birds.

MYR — Kjarnyrði úr Grettissögu

- Lítit verk ok löðrmannligt. (*Grettir Ásmundarson*).
- Vinr er sá annars, er ills varnar. (*Grettir*).
- Fleira veit sá, er fleira reynir. (*Grettir*).
- Illt er að eggja óbilgjarnan. (*Grettir*).
- Kalt verk og karlmannligt. (*Grettir*).
- Skýst þeim mörgum vísdómrinn, er betri ván er at. (*Grettir*).
- Verðr þat er varir ok svá hitt er eigi varir. (*Grettir*).
- Þræll einn þegar hefnist, en argur aldrei. (*Grettir*).
- Eindæmin eru verst. (*Grettir*).
- Þá er eigi það að launa, sem eigi er gert. (*Grettir*).
- Móðir er best barni. (*Grettir*).
- Munur er að mannsliði. (*Grettir*).

Árétting gamalla athugana

Ekki get ég fallist á, að ómerkilegt sé og litlu eða engu máli skipti að gera sér grein fyrir þeim mun, sem er á raunverulegum og öllum sýnilegum líkamningi og sérsýnum miðils í sambandsástandi. Nú ætla ég að vísu ekki að fara að halda því fram, að framkoma líkamnings og sérsýn miðils sé ekki eitthvað skylt, og að sýn miðils geti því ekki verið undanfari þess, að líkamningur komi fram. Að sjálfsögðu er lífgeislan eða lífsband undirstaða hvors tveggja. En samkvæmt frásögum af framkomu líkamninga virðist byrjunin þar jafnan vera móða eða þoka, sem síðar taki á sig mynd eða svip. Svipurinn eða myndin virðist þannig ekki vera vísirinn, heldur móðan eða þokan, og hefi ég bent á þetta áður.

Það var lengi nokkuð, að ég gerði mér ekki grein fyrir öðru en því, að „skyggni“ byggðist á ákveðnum augnhæfileikum þeirra, sem skyggfir voru kallaðir. Eða svo að ég komist nokkru réttar að orði, þá gerði ég mér lengi vel ekki grein fyrir því, í hverju sérskyggni er falin og það jafnvel þó að ég þá þættist hafa tileinkað mér hinn nýalska skilning. Leit ég þá víst þannig á, eins og almennt mun vera gert, að vegna sérhæfileika sinna væri miðlinum unnt að sjá það, sem aðeins væru vísar til líkömunar, og var skilningur minn þá að sjálfsögðu hinn sami varðandi framkomu „andamynda“, sem dæmi voru til um, að komið hefðu fram á ljósmyndafilmum. Einnig þar hugði ég vera vísa til líkömunar, sem komið gæti fram við ljósmyndun vegna þess, að myndfilman væri næmari venjulegu mannsauga. En eftir að hafa gert mér ljóst það, sem sannarlega er ekki neitt aukaatriði, að sýnir hins sofandi miðils eru einungis sambandssýnir, þótti mér sem einnig þarna hlyti að vera um eitthvað samskonar að ræða, eða fjarmyndanir, eins og ég hefi nefnt það. — Ég skal taka það fram, að ég fullyrði ekkert um, að sambandssýnir sjái menn aldrei, nema með lokuðum augum. Að loka eigin augum til þess að geta notið að annara augna,

er ef til vill ekki nauðsynlegra en að troða upp í eyrun til þess að njóta fjarheyrna. En þær fullgildu heimildir, sem ég hefi fyrir því, að miðlar skuli a. m. k. stundum sjá sýnir sínar með lokuðum augum, þykir mér þó vera örugg staðfesting þess, að réttmætt sé og reyndar óhjákvæmilegt að tala um sambandsskyggni, þó að í fyrstu væru það reyndar ólíkindin til sérskyggni nokkurra mannelegra augna, sem komu mér til þess. Þegar ég loks fór að hugleiða þessi efni, fór mér að þykja ólíklegt og í rauninni óskiljanlegt, að nokkur augu gætu haft hæfileika til að sjá það, sem algjörlega væri ósýnilegt venjulegum augum, og þótti mér þá sem slíkt hlyti einnig að gilda um ljósmyndunina. Þetta, að það geti orðið ljósmyndað, sem ljós brotnar ekki á, það gat ég ekki skilið, og fór mér því einnig varðandi „andamyndirnar“ að koma í hug það, sem ég gat um hér að framan, bein áhrif lífgeislunar úr fjarska, og læt ég nú koma hér nokkra staðfestingu á þeirri ályktun minni.

Til er bók, sem gefin var út hér á landi árið 1919 undir heitinu *Út yfir gröf og dauða*, og var þýðandi hennar Sigurður Kr. Pétursson. Höfundur bókar þessarar var hins vegar enskur prestur, Charles T. Tweedale að nafni, og er það í góðu samræmi við, að í bók þessari er sagt frá mörgum mjög ágætum athugunum, að hann auk prestskapar síns fékkst við stjarnfræðiathuganir og fann eitt sinn fyrir tilvísan framliðins manns halastjörnu, sem ekki hafði verið vitað um áður. Og ein af þeim merkilegu athugunum, sem sagt er frá í þessari bók, er áminnst staðfesting, og tek ég hana hér upp, eins og kann kemur þar fyrir, kaflann, þar sem frá henni er sagt:

„Ég geri nú ráð fyrir, að yður sé forvitni á að vita, hvernig rúmsæisvélín hafi leyst af hendi starf sitt. Þess skal geta, að ósýnilegu verurnar, sem sáust öðru megin í rúmsæisvélinni, sáust ævinlega hinu megin líka, og þá bæði jafnvel og illa. En þegar ég athugaði vandlega eina af myndunum, sem sýndist vera hvað best, og verður síðar birt sem skuggamynd yður til rannsóknar, komst ég að þeirri niðurstöðu, að svipurinn hafði ekki komið út samtímis mynd mannsins, sem sat fyrir. Þetta áлт ég skifta miklu máli. Ég athugaði eina myndina vandlega í rúmsjá, og komst að raun um, að þótt myndirnar af mönnunum, sem sátu fyrir, væru háréttar rúmsæismyndir, þá var myndin af svipnum alveg flöt. Ég komst einnig að raun um, að svipurinn var að minnsta kosti einum millimeter ofar á annarri plötunni. En þar eð báðar myndirnar höfðu verið teknar í einu, þá sýnir þetta, að þótt þær væru í sömu lóð-

rétta línu á bak við mennina, sem sátu fyrir, þá voru þær ekki í sömu hæð, og hafa því ekki aðeins *ekki* komið samtímis á plötuna og mannamyndirnar, heldur hafa alls ekki komið gegnum sjón-
glerið. Myndirnar hefðu því getað komið án myndavéla. En þá er eftir að vita, hvernig þær hafa komið. Ég vil endurtaka það, að enginn, hvorki ég né nokkur af þeim, sem voru viðstaddir, áttu nokkuð við plöturnar. Eru myndirnar þá kristalleraðar hugsanir? Hefir ljósið eða sjónglerið ekki átt neinn þátt í því að framleiða þær? Allt þetta mál var nægjanlega dularfullt áður, þótt beitt væri þessari kenningu, að hér væri um ósýnilegar verur að ræða, annað hvort hugsanagerfi eða reglulega anda í nánd við manninn, sem sat fyrir, en nú er það þúsund sinnum dularfyllra. Það er enginn hörgull á þeim mönnum, sem geta tekið að sér hlutverk Tycho Brahe í þessum efnum, mönnum sem geta gert nákvæmar athuganir. En hver getur fetað í fótspor Keplers og dregið út úr þessum athugunum það lögmál, sem skýrir til fulls þetta fyrirbæri?“

Rétt þykir mér að geta þess hér, að þennan tilfærða kafla tók bókarhöfundur upp eftir mr. Traills Taylor, sem talinn er hafa verið einn hinn mesti snillingur í ljósmyndagerð, og stendur kaflinn á bls. 350 til 51. En á bls. 349 er einnig sagt frá því, að á suma af þessum ósýnilegu gestum, sem yfirleitt hafi setið illa fyrir, hafi ljósið fallið frá hægri hlið en frá vinstri hlið á manninn, sem sat fyrir, og ber þar enn að því sama, að „andarnir“ hafi ekki verið ljósmyndaðir, þar sem þessar myndir af þeim urðu þó til. Mætti láta sér detta í hug, að það hafi því verið ljós frá einhverri annarri sól en okkar, sem verið hafi að verki varðandi ljósmyndir hins framliðna fólks, og er ekki laust við að vera dálítið eftirtektarvert, að sá sem þessar athuganir gerir, skuli fara að tala um Kepler í sambandi við þær, og þá um leið gera mjög réttan mun á honum og Tycho Brahe. Það er jafnvel ekki laust við, að honum þyki það dularfullt eða óskiljanlegt, að myndir af ósýnilegum verum skuli geta komið fram á ljósmyndaplötu, þó að hitt finnist honum reyndar enn óskiljanlegra, að myndirnar skuli samt ekki geta hafa verið ljósmyndir tilorðnar á venjulegan hátt. Og hvað skyldi nú þessum ágæta athugara finnast um þessa lausn, sem fer svo nærri hugdettu hans sjálfs? Skyldi hann nú ekki sjá og hafa séð fyrir löngu, að það var framhald af niðurstöðum Keplers og annarra hinna ágætustu vitringa, sem hér var verið að leitast við að styðja með því að láta „andamyndirnar“ vera tvívíddarmyndir, þegar notuð var þrívíddar myndavél? Þetta sem ætla mætti að stefnt hafi verið að þarna,

er með öðrum orðum stuðningur við þá leiðréttingu, sem fram skyldi koma einnig á þessari jörð, að á vitundarstrengi sofandi manns er ævinlega slegið af vitundarstarfi á hnetti vakandi manns, sem þá jafnframt er íbúi annarrar jarðar, og að hið „skyggna“ fólk sjái með annarra augum en ekki sínum. Og hér er það nú, að þetta, sem þarna varð, hefir orðið til þess að staðfesta það, sem ég út frá hinni nýölsku undirstöðu hafði áður látið mér skiljast og ekki ætti að vera alveg einskisvirði í viðureigninni við hinn ríkjandi andatrúarmisskilning. Að gera sér grein fyrir einhverju fram yfir það, sem áður hafði verið gert, getur ekki verið alveg einskisvert.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum,
í ágúst 1975.*

MYR — Kjarnyrði úr Grettissögu

- Margt er smátt, það er til ber á síðkvöldum. (*Grettir*).
- Orða sinna á hver ráð. (*Grettir*).
- Margur seilist um hurð til lokunnar. (*Grettir*).
- Vil ek hafa mat minn, en engar refjar. (*Glámur*).
- Eigi þykkjumst ek uppgefinn, þó at ek sjá smáváfur. (*Þorgautr, saudamaður*).
- Illt mun að illum hljóta. (*Jökull Bárðarson*).
- Sitt er hvát, gæfa eða gervileikr. (*Jökull Bárðarson*).
- Verðr hverr þá at fara, er hann er feigr. (*Grimur frá Kroppi, sekur maður*).
- Trú þú engum svá vel, at þú trúir eigi best sjálfum þér. (*Guðmundur ríki á Möðruvöllum*).
- Ek hefi orðið lítil heillapúfa um at þreifa flestum mönnum. (*Grettir*).
- Ekki er þat barnafæri at berjast við mik. (*Grettir*).

Erlendar rannsóknir

Psychotronics. Lífgeislan. Rannsóknir í Tékkóslóvakíu.

Orðið Psychotronics hefur á síðasta áratug rutt sér til rúms í rannsóknum á svonefndum „yfirskilvitlegum fyrirbærum“ sérstaklega í Austur-Evrópu. Orðið hefur líka merkingu og orðið parasálfræði eða fyrirburðafraeði, en fæst þó einkum við rannsóknir á nýrri orkutegund, sem tékkneskir vísindamenn telja sig hafa uppgötvað og nefna psychotroniska orku. Þeir telja að þessi orka sé grundvöllur fyrir fjarhrifum, fjarskyggni, huglækningum og ótal fyrirbærum, sem ekki hefur fundist nein eðlisfræðileg skýring á.

Þeir leggja aðaláhersluna á að finna eðli þessarar orku og spara hvorki tíma né fyrirhöfn í því sambandi. Þeir hafa yfir að ráða fullkornustu rannsóknartækjum sem völ er á og fjölda hæfustu starfsmanna m. a. fólk með ýmis konar „dulræna“ hæfileika. Ætlunin er þó ekki að fara að segja frá einstökum fyrirbærum sem rannsókuð hafa verið, heldur fremur að lýsa merklefum hlutum sem uppgötvast hafa við þessar rannsóknir.

Tékkneski sálarrannsóknarmaðurinn og myndhöggvarinn Bretislav Kafka sem lést fyrir nokkrum árum og er einna þekktastur fyrir merkilegar dáleiðslutilraunir, hélt því fram að utan um allar lífandi verur, jurtir, dýr og menn væri nokkurs konar orkuhylki eða hlíf, blik. Hann taldi að næmt fólk eða sálrænt, eins og sumir kalla það hefði mikið þynnri orkuhlíf í kringum sig. Það er þannig minna hulið fyrir utanaðkomandi áhrifum, lakar varið. Slíkt fólk er einnig næmt fyrir veðrabreytingum og sennilega fyrir breytingum sem stafa af breyttri afstöðu himintunglanna til jarðarinnar.

Helst virðist að þessi orkugeislun geti breyst frá einum tíma til annars og verið tengd tilfinningalegum og huglægum þáttum og jafnvel orka frá einum einstaklingi geti borist til annars. Kafka sagði t. d. gjarna fólki sem var orkulítið og vantaði lífsþrótt, að leggjast undir kú og fá frá henni lífsorku til að endurnæra sig með. Einnig taldi hann að hægt væri að fá lífsorku úr jurtaríkinu og þannig væri hollt að dvelja innan um gróður t. d. stór tré. Vafalaust þarf hlutaðeigandi að stilla sig inn á orkutíðni umhverfisins, ef gagn á að vera að. Þetta gæti bent til að hægt væri einnig að stilla sig inn á orku frá einstaklingi þó að hann væri í mikilli fjarlægð, jafnvel á annarri plánetu, því svo virðist, að minnsta

kosti stundum að þessi dularfulla orka sé ekki háð fjarlægðum. Þá hlýtur það að skipta meginmáli að stilla vitund sína á orkusveiflur sem bera jákvæð áhrif því sennilega leitast hver einstaklingur við að draga til sín orkugeislan, sem er í sem mestu samræmi við hans eigin orkusveiflur og þannig getur maður með stjórn á hugsun sinni og vitundarlífi stillt sig inn á góðar eða slæmar orkuútsendingar að vild, en þetta hlýtur að geta skipt sköpum um þróun mannkynsins á komandi tímum.

Sennilega má líta á allan alheiminn sem eina orkuheild þar sem hver einstakur hlutur verkar á annan í það óendanlega. Á það gætu bent merkilegar rannsóknir tékkneska geðlæknisins dr. Eugen Jonas. Hann og félagar hans hafa gert tilraunir með nokkurs konar nýtísku stjörnuspeki, sem að sumu leiti byggir á gömlum merg, en að öðru leiti er notast við nýtísku rannsóknaraðferðir og tölvuútreikninga.

Þeir hafa rannsakað afstöðu jarðar með tilliti til sólar, mána og plánetanna, til að finna hugsanlegt samband á milli stjarnfræðilegra aðstæðna og háttalags lífvera á jörðinni. Árangur þessara rannsókna hefur orðið furðulegur og nánast skapað nýja vísindagrein, sem t. d. mætti nefna alheims líffræði (cosmo biology), sem fæst við rannsóknir á sambandi himintunglanna við líffræðilega starfsemi. Vísindamenn í öðrum löndum bæði austan og vestan járnalds hafa sýnt þessum rannsóknum áhuga og Menn-ingarstofnun Sameinuðu þjóðanna fylgst með öllu sem gerist á þessum vettvangi hjá dr. Jonas og félögum hans. Dr. Jonas hafði veitt því athygli í starfi sínu sem geðlæknir, að konur með næmt taugakerfi sýndu með reglulegu millibili auknar kynferðilegar langanir. Þessi tímabil voru á mismunandi dögum fyrir mismunandi konur, en endurtóku sig mánaðarlega.

Dr. Jonas hafði lesið bæði stjörnufræði og stjörnuspeki og hann taldi sig vita að tunglið hefur áhrif á mannlíkamann á mismunandi hátt t. d. fæðast færri börn á nýju tungli en fullu. Hann vissi einnig að frjósemitímabil kvenna stóð í einhverju sambandi við, hvort tungl var vaxandi eða minnkandi. Honum datt því í hug, hvort ekki mætti notfæra sér þetta í sambandi við stjórn á barnsfæðingum. Með því að sameina þekkingu sína í stjörnufræði, stjörnuspeki og athugunum á fæðingardögum vissra kvenna, tókst honum að uppgötva plánetuuppröðun, nokkurs konar lykil, sem rúmaði hornið milli sólar og mána við fæðingu hvernar konu. Með því að útvíkka þetta kerfi gat hann fundið út, hvaða daga hver

kona gat orðið þunguð alla ævidaga hennar. Gætti hún þess að hafa ekki samfarir þessa daga, gat hún forðast óeskilega þungun, en vildi hún eignast barn gat hún notfært sér þessa frjósemisdaga í þeim tilgangi. Einnig gat hann sagt um, hvort barnið yrði drengur eða stúlka með 95% árangri, ef hann vissi hvaða dag hafði verið til barnsins stofnað. Nýjustu tölur benda jafnvel til enn öruggari vitneskju um kynferði, eða um 98%.

Með líkum aðferðum er einnig hægt að segja fyrir um, hvort barn verður heilbriggt eða ekki. Kona nokkur hafði eignast þrjú andvana börn í röð. Að lokum átti hún lifandi barn, en það fæddist vanskapað þrem mánuðum fyrir tímenn. „Við gerðum athuganir og útreikninga fyrir hana,“ sagði Jonas, „og fundum dálítið óvanalegt. Aðeins fjórum sinnum á ári gat hún orðið þunguð að heilbrigðu barni.“ Konan fylgdi ráðum dr. Jonasar og í fyllingu tímans fæddi hún heilbriggt og eðlilegt barn.

Margar slíkar frásagnir eru til og kunnugir telja að koma mætti í veg fyrir flestar fæðingar vanskapaðra og vangefinna barna ef þekkingu dr. Jonasar væri beitt.

Nú er dr. Jonas heimsþekktur maður. Bók hans „Ákvörðun á kyni barna“ hefur verið þýdd á fjölda tungumála og rannsóknir hans eru kunnar í flestum Evrópulöndum og víðar.

— Til hvers voru pýramíðarnir í Egyptalandi raunverulega reistir?

Margir hafa spurt þessarar spurningar en ekki fengið fullnægjandi svör. Tékkneskir vísindamenn eru nú að gera tilraun til að svara hluta þessarar spurningar.

Fyrir nokkrum árum var franskur maður Monsieur Bovis inni í Keops pýramíðanum og var staddur í konungasalnum. Hitinn var kæfandi og loftið var svo rakt að svitinn bogaði af honum. Þá tók hann eftir nokkrum smádýrum, sem lágu í einu horninu og höfðu sennilega villst inn í pýramíðann og látið þar lífið. Boris veitti því athygli, að dýr þessu voru ekki rotnuð eins og búast mátti við í þessum hita og raka, heldur uppþornuð og algerlega óskemmd. Honum flaug þá í hug sú tilgáta að lag eða form pýramíðans kynni að hafa áhrif á hvort dýrin rotnuðu eða ekki og að e. t. v. væri pýramíðinn eins konar orkusafnari á einhverja áður óþekkta orku og að þessi orka varðveitti dýrin frá rotnun. Þegar heim kom smíðaði hann lítinn pýramíða og gsetti dauðan kött inn í hann. Kötturinn rotnaði ekki, heldur þornaði upp á skömmum

tíma og varð eins og múmía. Tékkneskur útvarpsverkfræðingur Karel Drebal sá skýrslu um þessa tilraun og hóf frekari rannsóknir með litla pýramída. Hann komst að raun um það að það er samband á milli lags eða forms pýramídans og eðlisfræðilegs, efnafræðilegs og líffræðilegs ástands inni í honum. Þetta sama gildir um fleiri form en pýramída, t. d. kúluform, teningsform og keiluform. Þetta hafði áður verið vitað t. d. í brugghúsum, að öl verður lakara ef það er gerjað í ferköntuðum ílátum, en í sívölum tunn-um, og til er einkaleyfi á sérstöku lagi íláts til að laga í jógurt.

Drebal fann það út, að orkan inni í pýramídanum var til ýmissa hluta nýtsamleg. T. d. mátti varðveita matvæli óskemmd inni í honum í ótakmarkaðan tíma, og ef notuð rakblöð voru höfð inni í honum í nokkra daga urðu þau aftur eins og ný. Seinna sótti hann um einkaleyfi á litlum pýramídam til að geyma í notuð rakvélarblöð og fékk það eftir að einkaleyfaskrifstofan hafði gengið úr skugga um notagildi hans.

Getur pýramíðinn gert eitthvað fleira en varðveita matvæli og skerpa rakblöð? Gæti hann e. t. v. flýtt fyrir vexti jurta eða hreinsað vatn? Hefur orka hans eitthvað að gera með lífsorku eða sálræna orku? Við vitum þetta ekki enn. Tékkneskir vísindamenn tala um tvær gerðir af tækjum til að framleiða þessar leyndardómsfullu orkutegundir, sem þeir nefna psychotroniska orku og geimorku eða alheimsorku. Þeir líta á pýramíðann sem tæki til að safna saman geimorku. .

Árið 1968 var varið milljón dollurum til rannsókna á Chefren pýramídanum í Egyptalandi. Skynjurum var komið fyrir inni í honum og áttu þeir að nema geimgeisla, sem bærust inn í gegnum pýramíðann og á þann hátt að leita uppi hugsanleg falin herbergi í honum. Ári seinna, eftir úrvinnslu í fullkomnum tölvum var tilkynnt um niðurstöðuna: „Það sem skeð hefur í pýramídanum virðist brjóta gegn öllum lögmálum vísinda og rafeindafræði. Þetta er vísindalega óhugsandi,“ sagði dr. Gohed, sem stóð fyrir rannsóknunum. Það sem gerðist var það að fyrstu upptökurnar höfðu vakið vonir manna um uppgötvun áður óþekktra klefa eða grafhvelfinga í pýramídanum, en nú virtust þessar upptökur aðeins vera meiningarlaus merki og dr. Gohed bætti við: „Þið getið kallað það hvað sem við viljið, dulspeki, álög faraóanna eða töfra, en það er einhver orka að verki sem truflar lögmál vísindanna í þessum pýramída.“

Getur verið að pýramíðarnir séu risavaxin orkuver fyrir geim-

orku? Sumum hefur komið sú skýring í hug. Hvers eðlis er sú orka, sem safnast í pýramíðana, hvernig er hægt að notfæra sér hana og til hvers. Á gömlum myndum af galdranorðum eru þær oft sýndar með uppmjóan hatt á höfði. Tilraunir hafa verið gerðar með pýramíðalögðu höfuðföt, en flestir, sem hafa reynt þau segiast fá höfuðverk og vilja ekki nota þau af þeim sökum.

Það allra furðulegasta í rannsóknunum í Tékkóslóvakíu er þó sennilega tæki til að framleiða psychotroniska orku. Uppfinningamaðurinn Robert Pavlita er á sextugsaldri, framleiðslustjóri og textilhönnuður* í stórri verksmiðju. Hann hefur í þrjátíu ár unnið að tilraunum sínum með tæki til framleiðslu á þessari dularfyllu orkutegund. Tæki hans hafa verið prófuð við fullkomnustu rannsóknarskilyrði, og ekki hefur fundist neitt, sem benti til neinskonar svika. Þessi orka hagar sér á margan hátt líkt og rafsvið eða segulsvið, en er þó hvorugt. Það getur dregið til sín smáhluti úr ýmsum efnum og það gerist jafnt niðri í vatni eins og á þurru. Segull hefur ekki áhrif á það. Stundum má setja þennan kraft af stað með því einu að horfa á hlutinn. Innsiglið flaska með vatni blönduðu litarefni og ögnum frá textilverksmiðju var geisluð með þessari orku. 12 stundum seinna var vatnið hreint. Agnirnar sýndust hafa kristallast og fallið til botns í flöskunni. Vatnið var síðan sent til efnarannsóknarstofu. „Þessi hreinsun getur ekki hafa verið gerð efnafræðilega,“ var svarið sem rannsóknarstofan gaf, þegar spurt var að, hvernig hreinsunin hefði verið framkvæmd. Athugun sýndi að þar sem þessi orka var til staðar, breytti hún sameindaniðurröðuninni í vatninu sjálfu. Hin tvö vetnisatóm fjarlægðust hvort annað.

Leynardómurinn við söfnun þessarar orku virðist vera formið. Lögun hlutarins safnar í sig orkunni og breytir henni þannig að hún hæfi til þess, sem á að nota hana. Að sumu leyti líkjast þessi tæki listaverkum, eins konar höggmyndum. Þú býrð til úr einu efni tæki til að gera þetta, en úr öðru efni til að gera hitt. Pavlita notar kopar, járn, gull, stál, látún og jafnvel við. Flest tækin eru nákvæm samsetning úr ýmsum málum. Þegar tækið er hlaðið orku frá mannlíkamanum kemur orkan ekki frá neinu sérstöku líffæri, heldur frá öllu orkusviði líkamans. Mörg tækin eru með sérstakan blett til að stara á greyptan inn í efnið til auðveldunar á einbeitingu. Tæki hafa verið gerð til að gera með fjarhrifatil-

* Textil = vefnaðarvara.

raunir. Í einu herbergi er maður sem dregur ESP-spil* úr stökk. Annars staðar er tækinu komið fyrir. Á því er vísir eða nál, sem bent getur á eitthvert hinna fjögurra ESP-tákna sem merkt eru inn á tækið. Þegar sá sem dregur spilin úr stöknum, lítur á það, hreyfist vísirinn á tækinu samstundis á það merki sem á spilinu var. Lík tæki hafa verið hönnuð til að ákvarða blóðsýni í barnsfaðernismálum. Tilraunir hafa verið gerðar til að beina orkunni að lifandi verum. Sumar jurtir uxu hraðar, en aðrar virtust hafa illt af þessari geislun og flugur drápuð samstundis.

Ævar Jóhannesson.

Heimild að mestu úr bókinni *Psychic Discoveries behind the Iron Curtain*.

* ESP = Extra sensory perception = Skynjun sem ekki fer fram gegnum hin fimm venjulegu skilningavit. ESP-spil = Sérstök spil notuð við t. d. fjarhrifatilraunir. Eru með fjórum einföldum myndum eða táknum.

(*Framhald síðar*)

MYR — Kjarnyrði úr Grettissögu

- Þó at mér þykki mikit fyrir at sjá á bak ykkur báðum sonum mínum, þá vil ek þat til vinna, ef Grettir væri þá nær en áðr. *Ásdís, móðir Grettis*.
- Fátt er rammara en forneskjan. *(Ásdís á Bjargi)*.
- Sá flutti mik, sem farið átti ok kendirnar hafði ok meiri var minn vinr en yðvar vinr. *(Grettir)*.
- Illt er ódrengjum lið að veita. *(Grettir)*.
- Slyngt yrði þér um margt, frændi, ef eigi fylgdi slysin með. *(Þorsteinn, bróðir Grettis)*.
- Þess verður þó getið, sem gert er. *(Grettir)*.
- Engi maðr skapar sik sjálfr. *(Grettir)*.
- Þau tíðkast nú in breiðu spjótin. *(Atli, bróðir Grettir)*.
- Svá sakl þöl bæta, at bíða annat meira. *(Grettir)*.

Aðdráttarafi líkingarinnar

I.

Við heyrum stundum sagt í gamni eða alvöru að hjónasvipur sé með ástföngnu eða nýgiftu fólki. Þetta er engin tilviljun. „Lík-ur sækir líkan heim.“ „Hvað elskar sér líkt.“ Nýlegar rannsóknir sýna að a. m. k. $\frac{2}{3}$ hlutar nýgifts fólks, velst saman þannig, að um allmikla líkingu er að ræða hvað útlit snertir. En í enn ríkara mæli á þetta við um ýmsa andlega eiginleika. Karl og kona laðast ósjálfrátt fremur hvert að öðru ef þau hafa bæði til að bera líkamlegan og andlegan skyldleika á ýmsum sviðum, svo sem hliðstæð áhugamál o. s. frv. Rannsóknir á þessum sviðum hafa einnig leitt í ljós að hjónabönd verði farsælli að jafnaði og endist lengur ef andlegur skyldleiki er fyrir hendi.

Þessi atriði, sem í rauninni eru svo vel kunn frá okkar jörð, leiða hugann að hinum stærra heimi, alheiminum, og sambandi lífsins í alheimi.

II.

Aðdráttarafi líkingarinnar er alheimsmáttur, sem er í gildi um allan hinn óendanlega geim.

Við vitum, að allir efnislegir hlutir hafa áhrif hver á annan með aðdráttarafi sínu, jafnt þeir smæstu, sem þeir stærstu: hver frum-eind, hver stjarna, hver vetrarbraut. Aðdráttarafið er alheimsafl. Enginn veit hversu langdrægt það er, en víst er að það nær vetrarbrauta milli. Því eins og aðdráttarsamband er milli allra stjarna einnar vetrarbrautar, eins er líka aðdráttarsamband milli fjölda vetrarbrauta, því án þess væru ekki til hin miklu vetrarbrauta-hverfi geimrúmsins, sem mönnum er nú kunnugt um.

En þessi aðdráttaráhrif milli allra efnishluta stafa af líkingu eða samsemd alls efnis, sem vitað er um í alheimi. Vegna þess að efnið er alls staðar eins, getur það verkað hvað á annað um gjörvalla alheim.

III.

En það er ekki aðeins hið ólífræna efni, sem hefur þessi gagnverkandi áhrif. Þar, sem efnið hefur hafist til lífs og vitundar kemur fram ný tegund gagnverkandi afls. Það er líforkan. Hún geislar sér milli hinna lifandi einstaklinga og hópa einstaklinga, og er enn langdrægari og öflugri en nokkur önnur geislun, sem kunn-

ugt er um. Lífsambönd milli einstaklinga og mannkynja hinna ýmsu hnatta, munu vera miklu meiri og öflugri, en enn er almennt gert ráð fyrir. Kemur þar enn til greina þessi líking og samsemd einstaklinganna, eins og í hinu lífvana efni. Því líkari sem einstaklingar eru, því betur nýtur sín lífgeislanin milli þeirra og nánara samband myndast á milli þeirra. Lífsambönd jarðarbúa munu einkum vera við skyldar lífstöðvar annarra hnatta, þær sem líkar eru að andlegum þroska og innræti. En til þess að breyta um frá helstefnunni, sem hér ræður svo mjög ríkjum, og yfir til lífstefnu þeirrar, sem svo mjög ríður á að komist á hér, duga ekki þau sambönd, sem enn hafa ráðið mestu um stefnuna heldur verða að komast á sambönd við miklu fullkomnari lífstöðvar.

IV.

Hver maður ber í sér eiginleika góðs og ills, en í misjafnlega ríkum mæli. Vegna þessara tvíþættu eiginleika getur brugðið til beggja vona, hvort stefnan verður til vansældar eða farsældar, til öfugþróunar eða réttþróunar. Aðdráttarafli líkingarinnar, veldur hér miklu um, hvort lífsambönd okkar jarðarbúa verða upp á við eða niður á við.

En nú ætti ekki lengur að vera þörf á, að láta skeika að sköpuðu hvor stefnan verður valin. Uppgötvun lífsambandsins í alheimi er það, sem eitt getur orðið til bjargar. Vér þurfum að taka höndum saman og leita sambanda við mannkyn annarra lífstjarna þar sem þróun er orðin svo fullkomin, að guðleg má kallast. Slík sambandsleit er þegar hafin, þótt í smáum stíl sé, innan vébanda lítils félags, sem helgar sig þessum málum og kennir sig við Nýal, rit dr. Helga Pjeturss, sem hefur að geyma uppgötvanir hans og kenningar á þessu sviði.

V.

Fullkomin stjörnusambandsstöð þarf að rísa af grunni á fögrum stað. Hún þyrfti að vera stór og glæsileg, í líkingu við sambandsstöðvar annara lífstjarna, og að henni þyrftu að standa þúsundir manna, sem skilning hefðu á sambandsmálum. — Hin litla sambandsstöð Nýalssinna hefur um nokkurra ára skeið gengt mikilvægu byrjunarhlutverki. — En ef verulegur skriður á að geta komist á þessi mál verður mikill fjöldi manna að verða þátttakandi í þessari viðleitni.

Ingvar Agnarsson.

Hin myrka öld

Sautjándi öldin hefur af mörgum verið talin hin skelfilegasta í sögu mannkynsins, og hvað Íslendinga snertir þá hygg ég að hún hafi gengið nær lífi þjóðarinnar í heild, heldur en jafnvel 14. öldin, sem er önnur hin harðasta sem yfir landið hefur gengið. Að vísu ber aldrei að líta á það eitt sem illa fór og sorglegt var. Í kvæðum Stefáns Ólafssonar, Bjarna Gissurarsonar, Þórðar á Strjúgi, Jóns lærða og fjölmargra annarra, má sjá, að oft hefur verið gaman að vera til, einnig á þeirri öld. „Lærðir menn voru miklu fleiri en fyrri,“ segir Jón Espólin — en hann bætir því reyndar við, að menn höfðu þá eigi þau greindarvísindi, sem skilja máttu satt frá ósönnu.“ Það er: sögulegur og málfræðilegur fróðleikur einn sér var þá meira metinn en náttúruþekking, og mikið vantaði á að menn væru raunsærir.

Ef leitað er yfirlits þá kemur í ljós, að afturför landsins var á sautjándi öld þvítík, að furðu gegnir, og ber það allt að sama brunni hvað varðar náttúrufar, stjórnarfar, verslunarfar og hugarfar mannfólksins. Menn hafa verið í vandræðum með að átta sig á því að þetta allt skuli fylgjast svo að sem raun ber vitni, og þegar þetta kom upp í sambandi við örlagalínuritið svonefnda gat lærdómsmaður einn sem á sér lætur bera ekki stillt sig um að geta þess að „til væru þeir“ sem héldu að þar væri samband á milli. En þetta, að samband sé milli hugarfars mannfélagsins og náttúrufarsins umhverfis það, er nú einmitt eitt af því sem auðskildast er þegar menn hafa áttað sig á ákveðnu undirstöðuatriði í náttúrufræði — og til skilnings á sögu 17. aldar er nauðsynlegt að hafa þetta í huga.

Öldin lagðist að með vetri þeim sem nefndur var Lurkur, en síðan kom Blóðsóttarár og Eymdarár, og var talið að um 9000 manns, hefðu fallið úr sulti og sóttum árin 1602—1604. Klaki, Hestabani og Hvítivetur komu síðar.

Kæran ekki kallsi mig
þótt kvæðið sé ekki frótt.
Því valda fjúkin feiknarlig
og frostin um bjarnar nótt,*

* Kæran = kvenkenning, frótt = hvk af fróður, bjarnar nótt = vetur.

segir í kvæði frá þessum tímum, og eru þau orð jafnátakanleg og þau eru æðrulaus. — En jafnframt þessari umhverfingu náttúru-farsins gerðist það að þjóðinni voru brugguð hin verstu meinráð, þar sem var einokunartilskipun Kristjáns hins fjórða — og urðu skjót umskipti til hins verra á verslun landsmanna við þá tilskipun, segir í annálum.

Það er engin skýring á slíku gerræði sem einokunarverslunin var, að segja að hún hafi verið í samræmi við verslunarstefnu aldarinnar. Danakonungur átti að halda hlífiskildi yfir þegnum sínum öllum, en í stað þess að gera svo, skipuleggur hann ránsstefnu þá, sem framar öllu varð til þess að koma þjóðinni á kné, og er nú mikil ástæða til að litast um eftir frumorsökum þess, að atburðirnir tóku svo illa stefnu þarna í byrjun 17. aldar. Það verður þá ekki komist hjá því að líta á hinar kristnu þjóðir Vestur-, Norður- og Suður-Evrópu, sem sérstaka menningarheild á þessum tíma. Hafi nú einhvers staðar í þessari menningarheild verið sérstaklega vel stefnt til vísinda og sambands við aðrar stjórnur á þessum tíma, þá eru miklar líkur til að örlög heildarinnar hafi farið eftir því hvaða viðtökur sá boðskapur fékk. Brúnó sagði: stjórnurnar eru sólir, og sólunum fylgja jarðir og á jörðunum eru menn. Alkunnugt er hvernig farið var með Brúnó. Þegar allir helstu prelátar og stórhöfðingjar álfunnar söfnuðust saman í Róm vegna hátíðar- og náðarársins 1600, þótti það alveg sérstaklega tilhlýðilegt að þessi afar hættulegi falskennari sem talinn var yrði líflátinn í viðurvist hefðarfólksins. Það var einmitt fyrir boðskapinn um stjórnurnar sem sérstök ástæða þótti til að refsa honum þannig. Það fór því ekki hjá því, að þesir sömu stórhöfðingjar yrðu ekki nema í meðallagi farsælir í verkum sínum að „hátíðinni“ lokinni. Og meðal þeirra óhappaverka sem sigldu beint í kjölfarið hygg ég verið hafa tilskipun Kristjáns fjórða — þó að hann væri lúterskur en hinir kaþólskir — því að hugarfar hans hefur naumast verið miklu betra en hinna. Og um alla Evrópu fór í hönd öld hinna mestu trúarbragðastyrjalda, trúarbragðaofsókna og galdramála, sem sagan kann frá að greina. Voru þar Spánverjar fremstir í flokki framan af og Frakkar, en síðan barst aðalleikurinn til Þýskalands og aleyddi landið víða, en þjóðinni fækkaði um helming eða meir. Og það var angi af slíkum ofsóknum sem náði hingað með galdramálunum og galdrabrennunum sem hér urðu á 17. öldinni. Galdratilskipun Kristjáns fjórða var gefin út 1617 og eftir henni var farið mest ásamt „Móselögum“. Fyrsta athöfnin af þessu tagi

fór fram hér árið 1625 en eftir það virðast valdsmenn hafa fengið nokkra eftirþanka í bili. Varð nú hlé á slíkum atburðum um meir en 20 ára skeið, enda þótt höfuðsmaðurinn danski legði sig fram um að ýta af stað galdramálum.

Það er hörmulegt þegar menn láta sér það um munn fara, að „galdratrúin“ hafi átt sök á dómsmorðum þessum. Frumkvæðið kom frá yfirvöldunum, og brennufaraldurinn var skipulagður út frá guðfræðilegri röksemdarfærslu, fyrst með páfabréfi árið 1484, en síðar með samskonar samþykktum í mótmælendalöndum. Það er eftirtektarvert að frá útgáfu tilskipunar Kristjáns fjórða árið 1617 til 1650 eða í 33 ár er hér aðeins einn maður brenndur, og sýnir það glöggt að hér hefur verið þráast við að innleiða þennan sið. Þetta, að brennurnar hófust hér síðar og hættu fyrr en í flestum öðrum löndum, má telja vott um að mannúð og ógeð á grimmdarverkum sé ríkur þáttur í Íslendingseðlinu og mun það vera arfur frá fornmönnum sem þar kemur til greina. Árni Magnússon stóð framarlega í því að kveða þennan faraldur niður í Danmörku, með afskiptum sínum af Thisted málunum frægu þar í landi, og Þormóður Torfason hnekkti galdraákærum í Noregi á sinni tíð. Brynjólfur biskup Sveinsson á varla að fullu skilið það lof sem sumir eru að bera á hann í þessu sambandi, því allt var þetta verst í hans biskupstíð og í hans umdæmi, en þó mun það rétt vera að hann hafi ekki ýtt undir þau mál. Meiri ástæða er til að ætla að eftirmaður hans á biskupsstóli, Þórður Þorláksson, hafi þarna sýnt af sér skörungsskap, því að það var í hans tíð sem þessu linnu. Auk þess að vera aðdáandi Íslendingasagna eins og Brynjólfur, var Þórður biskup náttúruvísindamaður, og það voru slíkir menn sem hvarvetna urðu til þess að aflétta faraldri ofsóknanna.

Meðal hinna geigvænlegu viðburða og meðal einkenna aldarfarsins má nefna Tyrkjaránið, dómhörku í réttarfari, afsal landsréttinda í Kópavogi 1662, þverrandi framtak landsmanna í verklegum efnum, vaxandi fátækt, sult og sóttir, mannfelli og harðæri. Það má áætla að þjóðinni hafi fækkað um helming á 17. öld og ætla má að flestar meiriháttar byggingar hér á landi (bæjarhús) sem sumar höfðu staðið öldum saman, hafi þá hrunið eða grotnað niður. Jöklar gengu fram og ísaár urðu tíð. Og þegar Árni Magnússon og aðrir fóru að safna handritum, var það oft þannig að slitur þau sem þeir komust yfir höfðu verið heilar bækur nokkrum áratugum áður. Ekkert er það sem segir söguna gleggri af því hruni sem varð hér á síðari hluta 17. aldar en einmitt þetta. Bækurnar

voru það sem mörgum hefur hér þótt vænst um, og það var ekki fyrir en húsakynni spilltust og full örbirgð tók við, að hætt var að skeyta um þær og meðferð þeirra. „Það veit Kristur minn, ég þoli það ekki,“ sagði einn „galdramaðurinn,“ þegar þeir brenndu fyrir honum handrit.

Það er býsna fróðlegt að bera saman 17. öldina og þá næstu á eftir, hina 18. Ég hef í tímatalsyfirliti mínu (Lífgeislar 2. h. 1. árg.) sett mörkin milli hinna myrku alda og framfaraaldar um 1700 eða nokkru síðar. Það hefur verið mælt á móti þessari skiptingu við mig, og menn segja gjarnan: framfaraöldin hefst ekki fyrir en með Fjölismönnum, og er vissulega mikið hæft í því. 18. öldin er jafnvel að sumu leyti aumari en sú 17. En munurinn er sá að í upphafi 17. aldar átti þjóðin mikið til að missa, en hundr- að árum síðar nær ekkert. Um 1600 er hér enn að ýmsu leyti öflug þjóð og blómleg byggð, þrátt fyrir allt, eða svo hygg ég að mátt hafi virðast. En um 1700 er hér auðn og örbirgð. Um 1800 er raunar enn svo. Það er naumast nokkuð farið að rétta við þá. En „andinn“ er annar. Framfaramenn eins og Eggert Ólafsson og Skúla fógeta, Svein Pálsson, Björn í Sauðlauksdal og Jón Eiríksson hafði 17. öldin ekki átt. Ágæti 17. aldar horfir aftur en ekki fram. Þegar þetta er íhugað má vel skilja hver undirrótin er. Jörðin er á 18. öldinni óðum að komast inn í ný sambönd. Evrópu-þjóðirnar voru með „upplýsingu“, þ. e. með menntun og skynsemi og náttúruþekkingu að komast á framfaraleið. Og þó að allt gengi hægt, og nálega allt væri hér í niðurníðslu, náði þessi andi hingað að nokkru, og framfaraandi vaknaði með einstaka mönnum. Í Skálholtsskóla var farið að kenna hvaða plánetur gengju kringum sólina, og voru það mikil umskipti frá því sem áður var.

Þorsteinn Guðjónsson.

MYR — Hinir vitru sögðu:

- Góðu hjarta er auðlært mál kærleikans. — *Dante.*
- Kvartaðu ekki um eynd himinsins, farðu heldur og bættu úr henni. — *E. Holme.*
- Allt einskisnýtt flýtur ofan á. — *Erik Bogh.*
- Viljir þú verða vitur, sestu þá niður og hlustaðu. — *Afrískt orðtak.*

Ég fagna

Ég fagna yfir frelsi þess,
sem frægðar ei né valda naut,
og hlaut ei neinn þann heiðursess,
sem honum viki af sannleiksbraut,
því sannleiksbraut er sólskinsbraut,
þótt svalast stundum blási þar.
Sá aldrei hreina útsýn hlaut,
sem álitsmanna virðing bar.

Ég fagna þeirri fátækt í,
sem fram úr skjóli líf manns knýr,
og grefur inn að gildi því,
sem gull og sæmd í reifar býr.
En gildi er mest hið sanna að sjá,
þótt sízt það gildi á jörðu hér.
Þótt köldu snauður kenni á,
hann kynnist aðeins því, sem er.

Ég fagna að rekja fótspor hans,
sem finna sér ei hillu má.
Þótt hæði þann hinn heimski fans,
sem hæfði ei mark, hann lengst oft sá.
Á hjarni um nótt þess liggur leið,
sem lýftir huga stjörnum nær.
En mun þá ei við endað skeið,
að ársól honum ljómi skær?

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.
(Úr bókinni „Til þín“).*

Draumar

FORNIR DRAUMAR — draumur Þorsteins á Borg

Í fornnum sögum segir víða frá draumum manna. Þeir voru áhrifamiklir og höfðu oftast spásagnargildi, þannig að þeir boðuðu mikil örlög.

Einn hinn kunnasti draumur úr fornnum sögum er draumur Þorsteins Egilssonar á Borg á Mýrum. Kona hans var Jófríður Gunnarsdóttir, og var hún skörungur mikill. Hún gekk með barni er þessi saga gerðist.

Í Gunnlaugssögu orms tungu er Þorsteinn látinn segja draum sinn með þessum orðum:

„Þat dreymði mik, at ek þóttumst heima vera at Borg ok úti fyrir karldurum, ok sá ek upp á húsín ok á mæninum álft eina ok fagra, ok þóttumst ek eiga ok þótti mér allgóð. Þá sá ek flúga ofan frá fjöllunum örn mikinn. Hann fló hingat ok settist hjá álftinni ok klakaði við hana blíðliga, ok hon þótti mér þat vel þekkjast. Þá sá ek, að örninn var svarteygr ok járnklær váru á honum. Vaskligr sýndist mér hann. Því næst sá ek fljúga annan fugl af suðrætt. Sá fló hingat til Borgar ok settist á húsín hjá álftinni ok vildi þýðast hana. Þat var ok örn mikill. Brátt þótti mér sá örninn, er fyrir var, ýfast mjök, er hinn kom til, ok þeir börðust snarpliga ok lengi, ok þat sá ek, at hvarumtveggja blæddi. Ok svá lauk þeira leik, at sinn veg hné hvárr þeira af húsmæninum, ok váru þá báðir dauðir, en álftin sat eftir hnípin mjök ok daprlig. Ok þá sá ek fljúga fugl ór vestri. Þat var valr. Hann settist hjá álftinni ok lét blítt við hana, ok síðan flugu þau í brott bæði samt í sömu ætt, ok þá vaknaða ek.“

Austmaður einn, Bergfinnur að nafni, var á vist með Þorsteini, og réð hann drauminn á þessa leið:

„Fuglar þeir munu vera manna fylgjur. En húsfreyja þín er eigi heil, ok mun hon fæða meybarn frítt ok fagrt, ok munt þú unna því mikit. En göfgir menn munu biðja dóttur þinnar ór þeim ætt-

um, sem þér þóttu ernirnir fjúga at, ok leggja á hana ofurást ok berjast of hana ok látast báðir af því efni. Ok því næst mun inn þriðji maðr biðja hennar ór þeirri ætt, er valrinn fló at, ok þeim mun hon gift verða. Nú hefi ek þýddan draum þinn ok hygg eftir munu ganga.“

Þorsteinn lagði fæð á Austmanninn eftir ráðningu draums þessa, og er Þorsteinn bjóst til þings um sumarið, mælti hann til Jófríðar, húsfreyju, áður hann fór heiman:

„Svá er háttat,“ segir hann, „at þú ert með barni, ok skal það barn út bera, ef þú fæðir meybarn, en upp fæða, ef sveinn er.“

Jófríður ól meybarn fagurt í fjarveru Þorsteins. En hún fór ekki að fyrirmælum Þorsteins, bónda síns, heldur kom því í fóstur hjá Þorgerði Egilsdóttur, systur Þorsteins og Ólafi Höskuldssyni, bónda hennar. Ólst mærin þar upp og varð forkunnar fögur. Var hún nefnd Helga og síðar kölluð hin fagra.

Eftir sjö ára aldur ólst hún upp að Borg hjá foreldrum sínum.

Síðar lögðu tveir ungir og hraustir menn hug á hana. Fyrst Gunnlaugur ormstunga á Gilsbakka og seinna Hrafn Önundarson á Mosfelli. Háðu þeir einvígi vegna þessa máls á hólma einum í Öxará og síðar í Noregi og varð það beggja bani. Að nokkrum árum liðnum var Helga hin fagra gift Þorkeli nokkrum Hallkelsyni í Hraunsdal og áttu þau saman nokkur börn.

En Helga „varð honum lítt unnandi, því at hon verður aldrei afhuga Gunnlaugi, þótt hann væri dauðr.“

Hinn táknræni draumur Þorsteins á Borg og örlagasaga Helgu hinnar fögru, Gunnlaugs og Hrafns, hefur um aldir verið íslenski þjóð sem órækt vitni um spásagnargildi drauma.

Og víst má telja að ýmsir draumar nútímafólks, séu einmitt þessa eðlis, þ. e. að þeir boði óorðna atburði.

En þótt svo sé, er hitt eins víst, að þarna er um að ræða fjar-samband við draumgjafa eins og vera mun um alla drauma.

Ingvor Agnarsson.

DRAUMUR UM LOFTORUSTU

Mig dreyndi að ég var orustuflugmaður og flaug mjög fullkominni þotu. Þotan var með svipuðu lagi og þær þotur sem við þekkjum en að ýmsu leyti frábrugðin og sér í lagi allir eiginleikar flugvélarinnar. Það geisaði styrjöld og tók ég virkan þátt í henni. Skaut ég niður margar vélar óvinanna og gerði árásir á skotmörk. Þessi draumur væri ekkert sérstaklega merkilegur ef mig hefði ekki dreymt þetta á hverri nóttu í einar fjórar nætur og aldrei það sama í hvert sinn. Síðustu nóttina dreymir mig það, að ég var nýbúinn að granda flugvél í loftbardaga og var á heimleið yfir óvinalandi. Sá ég þá eldflaug nálgast og sá hana ekki fyrir en um seinan og sprakk hún í vélinni. Þar með hrapaði hún til jarðar og ég man sérstaklega síðustu sekúndurnar sem vélin var á flugi. Ég hugsaði með mér að nú væri þessu öllu lokið og komið að því sem ég hafði alltaf búist við. Ég festi mér landslagið vel í minni. Þetta var rétt fyrir sólsetur og himininn var eins fallegur og hann er hérna hjá okkur þegar hann er fallegastur. Ég man sérstaklega hvað ég var hryggur yfir því að þurfa að kveðja þennan heim og þó fannst mér ég hafa vissu fyrir áframhaldandi lífi á annarri plánetu. Vélín var alveg að því komin að skella á jörðinni er ég þóttist sjá skotpallinn sem skaut eldfluginni að mér og gat ég sveigt vélinni að honum og rakst á hann. Þar með lauk þessu lífi í stórrí sprengingu.

Karl E. Vernharðsson, 16. júní 1975.

MYR — Hinir vitru sögðu:

- Horfðu mót sólunni, og þá sérðu ekki skuggann. — *Helen Keller.*
- Sköpun þúsund skóga felst í einu akarni. — *Emirson (Amerískur rithöfundur 1803—1882).*
- Vanþakklæti er skortur á menningu. — *B. Björnsson.*
- Þar sem heimskan er til móts, berjast jafnvel guðirnir án árangurs. — *Schiller.*

Fyrirbæri

HVARF VISTA AF KONUNGSBORÐI

I.

Í Heimskringlu, Hálfðanar sögu svarta, er þessi frásögn:

„Hálfðan konungr var á jólavist á Haðalandi. Þar varð undarlig atburðr jólaaftan, þá er menn váru til borða gengnir, ok var þat allmikít fjölmenni, at þar hvarf vist öll af borðum ok allt mungát; sat konungr bryggr eftir, en hverr annarra sótti sitt heimili.“

Konungur vildi „viss verða, hvat þessum atburði olli“ en tókst ekki, þrátt fyrir eftirgrenslan nokkura, sem af er sagt í sögunni.

Síðan segir frá því, að Haraldur (er síðar var kallaður hinn hárfagri) sonur Hálfðanar svarta, fór í brott með Finna einum:

„Þeir kómu þar farandi, er höfðingi einn hélt veislu mikla, ok var þeim at sýn þar vel fagnat. Ok er þeir höfðu þar verit til várs, þá var þat einn dag, at höfðinginn mælti til Haralds: „Furðu mikít torrek lætr faðir þinn sér at, er ek tók vist nökkura frá honum í vetr“ . . .*

II.

Oft kemur fyrir að hlutir hverfa með óskiljanlegum hætti, en hitt mun aftur vera afar fátítt, að nokkur viti, hvað af hlutunum verður, eftir að þeir hafa horfið.

Hér er þó sagt frá einu dæmi slíku: Vistir hverfa af borði eins höfðingja og koma fram á borði annars höfðingja. Á báðum stöðunum er haldin veisla, og hefur þar því verið um ástæði nokkurt að ræða, sem auðveldað hefur slíka hlutaflutninga eða hamfarir.

Í veislum og á öðrum mannamótum, þar sem gleði ríkir og samstilling, myndast oft sérstakt lífafsvæði, þar sem auðveldara er til sambanda við svipuð aflsvæði annarra staða, t. d. á öðrum hnöttum, en einnig við hliðstæð aflsvæði á þessari jörð, ef svo vill til, að til séu á sömu stund, eins og hér mun hafa verið.

Í umræddri frásögn stendur einmitt svo á, að mannfagnaður fer fram á tveim stöðum samtímis, þótt ekki hafi menn vitað hver af öðrum á báðum stöðum.

* torrek = harmur (það, sem torrækt er).

En þetta ástæði, þessi samstilling, þetta sérstaka og skylda aflsvæði, sem myndast hefur á báðum stöðum, í fyrrgreindri frásögn, mun einmitt hafa skapað þá möguleika, að hlutaflutningar hafi getað átt sér stað, fyrir geislan nokkurs konar, þannig að hlutir leysast upp eða afefnast og hverfa á einum stað, en efnast og koma fram á öðrum, þar sem slík skilyrði eru fyrir hendi.

Ingvar Agnarsson, í júlí 1975.

UM ÖNDVEGISSÚLUR ÖGMUNDAR

(Hvernig komust þær á undan honum til Miðfjarðar?)

Í Kormákssögu segir frá Ögmundi Kormákssyni að hann bjó skip sitt frá Noregi til Íslands. En er skip var mjög búíð, tók Helga, kona hans, dóttir Fróða jarls, sótt og andaðist og Fróði, sonur þeirra.

„Eftir þat sigldu þeir í haf. Þá kastar Ögmundur út öndvegissúlum sínum. Þeir kómu útan at Miðfirði, — þar váru áðr komnar öndvegissúlur hans, — köstuðu þar akkerum. En í þann tíma réð þar fyrir Miðfjarðar-Skeggi. Hann reri til þeira ok bauð þeim inn í fjörðinn ok svá landkosti. Þat þá Ögmundur, mælti grundvöll undir hús.“

Af frásögn þessari verður ekki annað skilið, en að Ögmundur hafi kastað út öndvegissúlum sínum fljótlega eftir að hann sigldi í haf frá Noregi, eða a. m. k. einhvers staðar á leiðinni milli landa. Sagan tilgreinir það ekki nákvæmlega. En er hann tók land í Miðfirði, þá voru öndvegissúlur hans komnar þar á undan honum.

Hvernig er hægt að skilja þessa frásögn? Er hér um ranghermi að ræða? Eða má beita hinum nýalska skilningi og gera ráð fyrir hamförum? Ég hygg, að það sé eina skýringin, sem til greina getur komið, því engan veginn gátu hafstraumar borið súlurnar svo hratt, að þær yrðu með því móti komnar á undan skipinu.

Hlutaflutningar (hamfarir) eru ekki alveg óþekkt fyrirbæri, þótt mjög séu sjaldgæfir, en þeir eru í því fólgnir að einhver hlutur leysist upp eða hverfur (afefnast), skyndilega á einum stað, og kemur fram (efnast, materialiserast) á öðrum stað, jafn skyndilega.

Ég vil gera ráð fyrir að þessi sé skýringin á hinni merkilegu frásögn um öndvegissúlur Ögmundar landnámsmanns.

Ingvar Agnarsson.

Sambandsfundir

Miðilssamband, 22. ágúst 1974:

E.K. talar en Sveinn Haraldsson skrifar jafnóðum: Helgi Pjeturss taldi í sínum ritgerðum vísindalega kenningu, að geislun lífsins yfir geimdjúpið ætti sér stað og rannsóknir hans varðandi þessa geislun eru mjög vandaðar. Geislun hins lifandi líkama gerði Helgi Pjeturss sér ljóst að er kraftur sem á fyrir sér að verða óendanlega vaxandi.

Samkvæmt lögmáli magnanarinnar sem Helgi Pjeturss nefndi stillilögmál heldur einstaklingsaflsvæðið eðli sínu og líkamast á stjörnu þar sem er skylt almennt lífaflsvæði, og verður það líf í samræmi við þroska hins endurlíkamaða einstaklings. Endurlíkömun er eigi ómöguleg heldur er þar um að ræða náttúrufræðilega staðreynd.

Nýalskur mælikvarði á þetta er réttur mælikvarði og á mjög mikinn rétt á sér. Eini heimspekingurinn sem nokkuð hefur skilið hin undursamlegu lögmál hugsambandsins og eðli meðvitundarinnar er Helgi Pjeturss og má kallast í fremstu röð vísindamanna og heimspekinga. Náttúrufræðilegur skilningur á framlífi hefur því miður litlum undirtektum mætt hér á jörðu, og meðal Íslendinga hefur þessi mikli vísindamaður og spekingur eigi hlotið mikla viðurkenningu. Óþarft er að fara mörgum orðum um hinar skadlegu afleiðingar þessa sinnuleysis um heimspeki og uppgötvanir Helga.

En afleiðingar þess kunna að koma síðar fram í ýmsum myndum ekki skemmtilegum. Og það ber mér að játa og viðurkenna að ekki hafði ég nóga hugsun til að taka þetta alvarlega sem Helgi Pjeturss var að koma fram með um eðli framlífsins á öðrum stjörnum. Alveg öruggt er að það er sú hin rétta skýring að lífið flytst til annarra stjarna við dauðann. Og það tel ég að sé ákaflega mikill skilningsskortur á eðli framlífsins að halda að það sé gersamlega úr tengslum við efnið og náttúruna. En það hefur mjög verið gerð

tilraun til að koma til jarðar hinni réttu vitneskju, en án nægilegs árangurs. Með aðstoð miðils og rétt hugsandi stillihóps gæti þetta tekist þó að koma þessu í gegn, hvert hið rétta eðli framlífsins er. En ég og mínir vinir erum mjög að vona að þetta muni áður en langt líður allt fara að verða auðveldara.

Kenningin um hin dulrænu tilverusvið utan við hinn efnislega heim stjarnanna er í eðli sínu misskilningur. Og verður að leiðrétta þennan misskilning og gera sér fulla grein fyrir staðreyndum málsins. Fjarstæðustu hugmyndir sem menn hafa gert sér um þessa hluti þurfa að verða úr sögunni á jörðinni. Enginn maður hefur nokkru sinni eins og Helgi Pjeturss með sínum kenningum, varpað skæru ljósi vísindanna yfir eðli dulrænu og trúarbragða. Og það mun í framtíðinni verða mannkyninu hin mesta blessun og gæfa að færa sér þær kenningar í nyt. Mannkynið kemst þá á hærra stig á jörðinni og mun stefna til æ fullkomnara sambands við lífið á öðrum stjörnum.

En löngum mun mönnum verða það mest til góðs að læra af bestu og vitrustu mönnum sem þjóðirnar eiga.

MÝR — Kjarnyrði úr Grettissögu

- Eigi skal skutrinn eftir liggja, ef allvel er róit í fyrirrúminu. (*Grettir*).
- Eigi er sopit, þó í ausuna sé komit. (*Grettir*).
- Munu nökkurir fá leiks mark, áður en vér skiljum. (*Grettir*).
- Hátt stígr höllum fæti Hallmundr í sal fjalla. (*Grettir*).
- Eigi mun ek á sundi drukkna. (*Grettir*).
- Langvinirnir rjúfast síst. (*Þorbjörn Öngull*).
- Illt er at eiga þræl at einkavin. (*Þorbjörn Öngull, um Glaum, þræl Grettis*).
- Berr er hverr á bakinu, nema sér bróður eigi. (*Grettir*).

Lífgeislar

Frásögn af miðilsfundum 24. apríl 1975.

„Ólýsanleg gleði gagntekur huga minn,“ voru lokaorð fjartalanda af miðilsmunni á fundi sem ég sat ásamt öðrum í Sambandsstöð á sumardaginn fyrsta. Hafði talandi þessi kynnt sig áður sem lækni, íslenskan, sem lifði fram á fyrri hluta þessarar aldar og starfaði mest á Suðurlandi. Kvaðst hann hafa farið margar ferðir og kynnst ýmsum erfiðleikum í starfi sínu, en nú væri líf sitt með öðrum hætti og vildi hann lýsa því að nokkru. En áður hafði vanalegur sambandslæknir miðilsins talað, og tilkynnt að nú ætlaði annar læknir að tala, og var það í þeim svifum sem ég spurði hvað þeir vildu segja um sumardaginn fyrsta. Þessu svaraði síðari læknirinn ekki beint heldur fór hann að tala um stöðu sólar á himni, og má reyndar segja að slíkt væri ekki með öllu fjarrí efni spurningarinnar, því að af gangi sólar ræðst dagatal og tímatal allt. Það var út síðan til að lýsa umhverfi sínu. Var hann ef ég man rétt staddur á víðum velli eða víðlendri sléttu, og lýsti hann því nokkuð hve skin sólarinnar lífgaði allan svip landslagsins, en í fjarska bar há fjöll við himin og voru þar snævi þaktir tindar efst. Ég segi frá þessu eins og ég man eftir efni lýsingar hans, en ekki eru setningar mínar jafn vel myndaðar og hans, því af málsnilld var það, sem þarna var talað, og þykir mér það mikill skaði að þessar setningar náðust ekki allar. Hefðu þær náðst í heild þá hefðum við þar eignast ekki aðeins glögga sambandsvitneskju frá framfaramanni á annarri jörð, heldur einnig snilldarlega lýsingu: sannan *lífgeisla* frá hinu æðra stigi lífsins — því að snilld er ekkert annað en það sem þaðan stafar og því lífi ber vott.

Þorsteinn Guðjónsson.



Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður: Ingvar Agnarsson.

EFNISYFIRLIT

Áður óþekkt mánalandslag (Sjá forsíðumynd) I.A. ...	Bls.	74
ERINDI:		
Nokkur orð um samverund og þróun. Ó.H.	—	75
GREINAR:		
Árétting gamalla athugana. Þ.J.	—	83
Erlenadr rannsóknir. Æ.J.	—	87
Aðdráttarafli líkingarinnar. I.A.	—	93
Hin myrka öld. Þ.G.	—	95
LJÓÐ:		
Ég fagna. Þ.J.	—	99
DRAUMAR:		
Fornir draumar — draumur Þorsteins á Borg. I.A.	—	100
Draumur um loftorustu. K.E.V.	—	102
FYRIRBÆRI:		
Hvarf vista af konungsborði. I.A.	—	103
Um öndvegissúlur Ögmundar. I.A.	—	104
SAMBANDSFUNDIR:		
Miðilssamband 22. ágúst 1974.	—	105
E.K. talar.		
Lífgeislar. Þ.G.	—	107
Frá miðilsfundí á sumardaginn fyrsta 1975.		
MYR, kjarnyrði og spekiord	Bls.	82, 86, 92, 98, 102, 106.